

28. ágúst 2019 | Aðsent efni | 559 orð | 1 mynd

Orkupakki 3 og hlýnun andrúmslofts

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Með undirritun...hefur Ísland samþykkt að EFTA-dómstóllinn sé lögmætt úrskurðarvald um álitafni samningsins. – Þangað skal sækja rétt dómþing."

Forsætisráðherra Íslands er áberandi í fréttum þessa dagana. Þar koma við sögu umhverfismál og samskipti við erlend stórmenni, en ekki orkupakki 3 (O3).

Einnig ég hef áhyggjur af örlögum jökla. Ég harma horfna tign Sólheimajökuls séðs frá Jökulsárbrú, þegar hann spyrnti með reisu í Litlafjall og Skógafjall. Nú lúskrast hann niður í gljúftrið mikla milli Hvítmögu og Lakalands.

Það er gaman að ganga á Ok og baða sig í frama. Önnur skylda stendur þó stjórnvaldinu nær. Það er grunnhyggja að ganga undir ok Evrópusambandsins (ESB), sem er upp sprottið úr beiskum jarðvegi. Hinn 12. september 1942 lagði Albert Speer grunn að fjórfrelsi ESB. Það frelsi styður „Das Kapital“ fyrirtækja. Okkur er „ekki ætlað að flækjast fyrir“ þegar hagsmunir fjármagns þurfa olnbogaráymi.

Ég trúi að forsætisráðherra hrósi happi yfir að umhverfismál og koma stórmennis til landsins dragi athyglina frá O3. Flókið regluverk ESB birgir sýn á afleiðingar O3.

Rétt lögfræði byggist á rökrétri túlkun laga

Bjarni Már Magnússon, sérfræðingur í hafsbotnsrétti, telur rök Arnars Þórs Jónssonar dómara „fabuleringar“. Ekki efa ég kunnáttu Bjarna í hafsbotnsrétti um að Ísland geti, samkvæmt Hafréttarsáttmálanum, neitað fjárfesti/fyrirtæki að leggja sæstreng.

Engu að síður fæ ég ekki betur séð en að rök dómarans haldi:

Í minnisblaði frá 16. ágúst sl. gerir dómari grein fyrir réttindum og skyldum íslenska ríkisins (Íslands), vegna EES-samnings við ESB. Mín sýn á inntak minnisblaðsins er að ef Ísland heimilar ekki sæstreng geti fjárfestar/fyrirtæki stefnt Íslandi fyrir EFTA-dómstóllinn um brot á EES-samningnum.

Með undirritun EES-samningsins hefur Ísland samþykkt að EFTA-dómstóllinn sé lögmætt úrskurðarvald um álitafni samningsins. – Þangað skal sækja rétt dómþing. Dómstóllinn er bundinn af því að úrskurða í samræmi við regluverk EES-samningsins og regluverk ESB.

Þá hefur dómstóllinn vafalaust vitneskju um rétt ríkis að hindra lagningu sæstrengs. Sá réttur ríkis er dómstólnum engu að síður óviðkomandi. Sem fyrr segir ber dómstólnum að kveða upp úrskurð um þau mál ein, sem hann hefur lögsögu um.

Á grundvelli alls þessa evrópska regluverks er raunhæft að óttast að Ísland yrði fyrir EFTA-dómstólnum dæmt skaðabótaskyldt, ef það hindraði lagningu sæstrengs. Slíkur skaðabótadómur dómstólsins mundi í engu skerða rétt Íslands til að hafna sæstreng, því höfnunarréttur Íslands er dómstólnum óviðkomandi. Réttur dómstólsins til að úrskurða um samningsbrot Íslands á EES-samningnum lægi hins vegar á borði dómstólsins.

Árum saman stóð Steingrímur Joð dyggilega vaktina á Alþingi og fyrir það þakka ég. Dæmi um þá varðstöðu eru orð hans á þingi 17.3. 2007:

„Ég er enn þeirrar skoðunar, eins og ég hef verið, að það hafi verið mikil mistök fyrir okkur Íslendinga að lenda inni í þessu.“

Ég fæ ekki betur séð, en að Steingrími hafi nú snúist hugur og hann sé reiðubúinn að styðja O3. Er það vegna þess að hann telji samþykktina færa okkur velsæld um ókomna tíð, eða vegna þess að við höfum með fyrri orkupökkum gengist undir okið, og eigum ekki annarra kosta völ en að lúta peningavaldinu?

Ekki dugar Alþingi það eitt, þegar gesti beri að garði, að sperra halana líkt og kálfar sem komast í uppnám. Þá geta örlög Íslendinga orðið á sama veg og Sverrir konungur ýjar að í ræðu:

„Sýnisk mér svá sem hér vaði allt saman, kálfar ok úlfar“.

Ekki má íslensk þjóð vera varnarlaus fyrir því óargadýri, sem lögspekingar deila um hvort rífa muni okkur á hol.

Ég heiti á alþingismenn að verja sína afkomendur og hafna O3.

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is



Tómas Ísleifsson

